

Fundargerð

464. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Fimmtudaginn 11. febrúar 2021, kl.15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.



Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Ingimar Ingimarsson (II), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Karl Kristjánsson (KK). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er þrjár blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál. Samþykkt samhljóða

Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

1. 463. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd 4. febrúar 2021.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1. 2011007 - Hólar 139594, áform um skógrækt.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.2. 2102004 - Hafnarsvæði Karlsey, umsókn um stöðuleyfi.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.3. 2012005 - Hellisbraut 40 227536, umsókn um byggingaleyfi.

Sveitarstjórn samþykkir veitt byggingarleyfi samhljóða.

2.4. 2102008 - R.A.F. sumarhús 139758, umsókn um byggingaleyfi.

Sveitarstjórn samþykkir veitt byggingarleyfi samhljóða.

2.5. 2102005 - Viðbragðsáætlanir fyrir Flateyjar- og Reykhólahöfn.

Sveitarstjórn samþykkir viðbragðsáætlanir fyrir hafnir Reykhólahrepps.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

3. Stýrihópur um byggingu slökkvistöðvar í Flatey 27. janúar 2021.

JÖE og II fóru yfir fundargerðina.

3.1 Tillaga um stofnun samstarfshóps um bruna- og almannavarnir í Flatey.

Sveitarstjórn samþykkir stofnun hópsins, JÖE situr í hópnum fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 2101005 - Tröllendi 7, 216401. Úthlutun lóðar.

Fyrir liggur umsókn Flateyjarveitna dags. 12. janúar 2021 um lóð undir slökkvistöð í Flatey. Lóð nr. 216401 að Tröllenda 7.

Flateyjarveitur fh. íbúa og húseigenda í Flatey og Reykhólahreppur eru í samstarfi um byggingu húsnæðisins og rekstur þess.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir umsókn Flateyjarveitna á lóð nr. 7 við Tröllenda í Flatey. Lóðin er ætluð undir byggingu slökkvistöðvar. Samþykkt samhljóða.

2. 2102011 - Brothættar byggðir.

Lögð er fram greining á íbúafjölda og þróun tekna og gjalda í sveitarfélaginu 2015 - 2020

Sveitarstjórn lýsir því yfir að hún hafi áhuga á því að komast inn í verkefni Byggðastofnunar brotthættar byggðir. Sveitarstjóra falið að koma erindi þess efnis á framfæri við Byggðastofnun. Samþykkt samhljóða.

3. 2101007 - Jarðgangaáætlun Vestfjarða.

Lögð er fram samantekt um jarðgöng á Vestfjörðum, samráð um forgangsöröðun, þar sem óskað er tillagna sveitarstjórnar Reykhólahrepps að forgangsöröðun inni samráðsvettvang sveitarfélaganna á Vestfjörðum.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps leggur til að gerð verði valkostagreining með félagshagfræðilegri greiningu á áhrifum samgöngubóta á byggðakjarna og atvinnusvæði á öllum Vestfjörðum. Nauðsynlegt er leita fjölbættra lausna í samgöngumálum. Samgöngukerfið á Vestfjörðum hefur verið fjársvelt áratugum saman. Ekki er unnt að bíða eftir jarðgöngum í áratugi án þess að nokkrar endurbætur eigi sér stað á meðan.

Samþykkt samhljóða.

4. 2102017 - Ársleyfi skrifstofustjóra Reykhólahrepps og uppsögn matræðs mótuneytis Reykhólahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir ársleyfi til handa Guðrúnu Guðmundsdóttur skrifstofustjóra.

Sveitarstjórn þakkar Ingvari Samúelssyni störf hans í þágu sveitarfélagsins og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra er falið að auglýsa störfina, auk starfs umsjónarmanns með íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

5. 2102012 - Boðun á XXXVI. landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga 26. mars 2021.

Íl situr landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fulltrúi Reykhólahrepps ásamt sveitarstjóra.

6. 2102013 - Útboð á rekstri tjaldsvæðis við Grettislaug.

Sveitarstjórn samþykkir að bjóða út rekstur tjaldsvæðisins við Grettislaug til leigu sumarið 2021. Sveitarstjóra falið að auglýsa útboðið. Samþykkt samhljóða.

7. 2102019 - Almennavarnanefnd fulltrúar.

Málinu frestað til næsta fundar.

8. 2102019 - Framkvæmdir við endurbyggingu stálþilsbryggju Reykhólahöfn 2021 - 2023.

Lagt er fram erindi frá Vegagerðinni siglingasviði vegna fjárveitingar til hafnaframkvæmda við Reykhólahöfn árin 2021 - 2023. Fjárveiting ríkisins nemur 261 millj. m. vsk. og fjárveiting Reykhólahrepps 29 millj. m. vsk. sem dreifast á þrjú ár.

Þegar hefur verið gert ráð fyrir fjármögnun hluta Reykhólahrepps í fjögurra ára áætlun sveitarfélagsins 2021 - 2024. Sveitarstjóra er falið að staðfesta fjármögnun til Vegagerðarinnar. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 2102014 - 184. og 185. fundur Breiðafjarðarnefndar.

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

2. 2102015 - 893. og 894. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

1. 2102020 - Sorpmál

Lögð voru fram gögn frá Sorpsamlagi Strandasýslu.

2. 2101021 - Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2021

Samþykkt að veita 3 millj. kr. til viðgerðar á gólfi í Hellisbraut 72. Fjármögnun af eigin fé sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:23
